

AUGLÝSING

um rammasamning við Grænland um verndun og stjórnun veiða á gullkarfa.

Rammasamningur milli Íslands og Grænlands um verndun og stjórnun veiða á gullkarfa á svæðis-
hlutum 5, 6, 12 og 14 skv. skiptingu Alþjóðahafrannsóknaráðsins, sem gerður var í Reykjavík 3. júlí
2023, öðlaðist gildi 20. desember 2023.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 6. júní 2024.

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir.

Martin Eyjólfsson.

Fylgiskjal.

RAMMASAMNINGUR
MILLI ÍSLANDS OG GRÆNLANDS
UM VERNDUN OG STJÓRNUN VEIÐA Á GULLKARFA
Á SVÆÐISHLUTUM 5, 6, 12 OG 14
SKV. SKIPTINGU ALÞJÓÐAHAFRANNSÓKNARÁÐSINS

1. Sendinefndir Íslands og Grænlands (hér eftir „samningsaðilarnir“) hittust í Reykjavík hinn 26. júní til 3. júlí 2023 til viðræðna um rammamasamning um verndun og stjórnun veiða á gullkarfa (*Sebastes norvegicus*) á svæðishlutum 5, 6, 12, og 14 skv. skiptingu Alþjóðahafrannsóknaráðsins. Fyrir sendinefndunum fóru Katrine Kærgaard fyrir hönd Grænlands og Sóley Kaldal fyrir hönd Íslands. Formenn sendinefndanna samþykktu að leggja til eftirfarandi samkomulag við stjórnvöld hvors um sig:
Samráð um veiðistjórnun.
2. Samningsaðilarnir skulu koma saman a.m.k. einu sinni á ári til samráðs. Samningsaðilarnir skulu samþykka sameiginlega bókun um verndun gullkarfastofnsins og stjórnun veiða á honum fyrir hvert veiðitímabil skv. 3. gr. Unnt er að endurskoða með sameiginlegri bókun alla viðauka við þennan samning að því tilskildu að hlutaðeigandi samningsaðilar séu því samþykkrir.
Veiðistjórnunartímabil.
3. Samningsaðilarnir staðfesta að veiðistjórnunartímabilið fyrir Ísland hefjist 1. september og ljúki 31. ágúst næsta ár, en veiðistjórnunartímabilið fyrir Grænland og aðra fylgi almanaksárinu. Ákvæði þessa samnings gilda um mismunandi veiðistjórnunartímabil, að breyttu breytanda.
Ákvörðun um aflamark.
4. Samningsaðilarnir samþykka að ákvarða aflamark fyrir hvert veiðistjórnunartímabil í samræmi við langtímaáætlun um veiðistjórnun sem sett er fram í 1. viðauka.
Skipting hlutdeildar.
5. Aflamark er ákvarðað skv. 4. gr. Samningsaðilarnir samþykka að hlutdeild sem sett er til hliðar fyrir aðra skuli dregin frá upphaflegu aflamarki áður en skiptingu hlutdeildar er beitt. Þessi hlutdeild getur tekið breytingum ef aðrir gerast aðilar að þessum samningi:

Aðrir	300 tonn
-------	----------

Skipting hlutdeildar er sem hér segir:

Grænland	11%
Ísland	89%

Tilfærsla á ónýttu magni.

6. Hverjum samningsaðila er heimilt að færa yfir á næsta veiðistjórnunartímabil ónýtt magn sem nemur allt að 10% af þeim kvóta sem fallið hefur í hlut þess aðila á veiðistjórnunartímabilinu. Það magn sem fært er milli veiðistjórnunartímabila kemur til viðbótar þeim kvóta sem fellur í hlut þess samningsaðila sem um ræðir á næsta veiðistjórnunartímabili.
Heimiluð veiði umfram núgildandi úthlutun kvóta.
7. Hvor samningsaðili getur heimilað að skip hans veiði allt að 5% umfram leyfilegt aflamark samkvæmt skiptingu hlutdeildar á veiðistjórnunartímabilinu. Allt magn sem veitt er umfram úthlutaðan kvóta á veiðistjórnunartímabilinu skal dregið frá kvótaúthlutun viðkomandi samningsaðila á næsta veiðistjórnunartímabili.
Uppbót.
8. Ef samningsaðili veiðir magn umfram það sem leyfilegt er skv. 7. gr. á veiðistjórnunartímabilinu skal kvóti sem því nemur dreginn frá kvóta þess samningsaðila á næsta veiðistjórnunartímabili. Fráðregnum kvóta skal úthlutað til annarra aðila að þessum samningi á næsta veiðistjórnunartímabili samkvæmt þessari grein.

Tilfærsla á kvóta.

9. Samningsaðilar skulu upplýsa hver annan þegar í stað ef kvóti er færður til annars aðila að þessum samningi eða til þriðja aðila sem ekki er aðili að þessum samningi. Þær upplýsingar skulu eigi sendar síðar en einum mánuði eftir upphaf veiðistjórnunartímabilsins.

Tilkynningar og staðfesting á afla.

10. Hver samningsaðili skal eigi síðar en 1. mars veita upplýsingar um heildarafla sinn á fyrra veiðistjórnunartímabili.
11. Samningsaðilarnir skulu veita upplýsingar um afla á því sniði sem sett er fram í 2. viðauka við þennan rammasamning.
12. Upplýsingar skv. 10. og 11. gr. skulu staðfestar í samræmi við framkvæmdina sem tiltekin er í 3. viðauka við þennan rammasamning.

Vísindasamstarf.

13. Samningsaðilarnir eru sammála um að mikil þörf sé fyrir rannsóknir sem bæta mat á stofnstærð ásamt þekkingu á vistfræði, dreifingu og aðgreiningu á gullkarfa og öðrum karfategundum og samþykkja að eiga samstarf og leggja sitt af mörkum í þessum efnum. Markmiðið er m.a. að bæta þekkingu sem nauðsynleg er til skýrslugjafar um dreifingu stofnsins sem er til grundvallar við stjórnun og skiptingu hlutdeildar í stofninum í framtíðinni.
14. Vöktun stofnsins með talningu skal greind og yfirfarin í samvinnu allra samningsaðila sem að því koma. Niðurstöðum og ráðgjöf skal miðlað án tafar til allra samningsaðila.

Samvinna milli úttekta- og eftirlitsstjórnvalda.

15. Samningsaðilarnir samþykkja að bæta samstarf úttekta- og eftirlitsstjórnvalda hvers um sig til þess að tryggja fulla upplýsingagjöf og gegnsæi allra viðkomandi upplýsinga sem tengjast framkvæmd samningsins.

Formennska á samráðsfundum.

16. Árlegir samráðsfundir skulu haldnir eigi síðar en 30. júní og skulu Grænland og Ísland gegna formennsku til skiptis.

Gildistími samningsins og ferlið við að draga sig út úr honum.

17. Þessi rammasamningur öðlast gildi til bráðabirgða á dagsetningu undirritunar þar til lokastaðfesting hefur farið fram skv. 18. gr. Samningurinn skal gilda þar til einhver samningsaðilanna dregur sig út úr honum skv. 19.-21. gr.
18. Þessi rammasamningur öðlast endanlega gildi þegar samningsaðilarnir hafa uppfyllt nauðsynleg stjórnskipuleg skilyrði fyrir gildistöku samningsins.
19. Sérhverjum samningsaðila er heimilt að draga sig út úr þessum rammasamningi með formlegri tilkynningu til hinna samningsaðilanna fyrir 15. ágúst, ásamt skýringum og rökstuðningi fyrir því hvers vegna samningsaðilinn kýs að draga sig út úr samningnum.
20. Þessi rammasamningur skal gilda til loka næsta veiðistjórnunartímabils samningsaðilans sem hefur lagt fram formlega tilkynningu um að hann dragi sig út úr samningnum.
21. Eftir viðtöku formlegrar tilkynningar skal formaðurinn hefja og skipuleggja viðræður milli samningsaðilanna með það að markmiði að ljúka nýjum rammasamningi áður en þessi rammasamningur er fallinn úr gildi.

Tvö frumrit þessa rammasamnings milli Grænlands og Íslands eru undirrituð í Reykjavík hinn 3. júlí 2023.

Fyrir hönd samningsaðilans Íslands

Sóley Kaldal

Fyrir hönd samningsaðilans Grænlands

Katrine Kærgaard

1. VIÐAUKI
ÁÆTLUN UM VEIÐISTJÓRNUN Á GULLKARFA

Veiðistjórnunareining.

Gullkarfi (*Sebastes norvegicus*) í íslenskri og austur-grænenskri efnahagslögsögu. Íslensk og grænensk stjórnvöld stjórna veiðum innan efnahagslögsögu hvors aðila um sig.

Ráðlagður afli.

Áætlun um veiðistjórnun á gullkarfa (*Sebastes norvegicus*) felst í því að viðhalda nýtingarhlutfalli í því hlutfalli sem er í samræmi við varúðarsjónarmið og sem leiðir til sjálfbærs hámarksafraksturs til lengri tíma litið.

Í samræmi við þetta almenna markmið hafa íslensk og grænensk stjórnvöld samþykkt eftirfarandi aflareglu frá næsta veiðistjórnunartímabili eftir gildistöku þessa samnings. Aflareglan verður endurskoðuð þegar Alþjóðahafrannsóknaráðið gerir kröfu um það eða í síðasta lagi eftir fimm ár. Aflamark verður ákvarðað með því að beita eftirfarandi aflareglu:

1. Árlegt aflamark verður ákvarðað í samræmi við meðalveiðidánartölu 0,112 á ráðgjafarárinu í aldursflokki 9-19 ef áætlað er að lífmassi hrygningarstofns (SSB) á ráðgjafarárinu (SSB_y) verði yfir 154.094 tonnum ($MSY B_{trigger}$).
2. Þegar áætlað er að lífmassi hrygningarstofns á ráðgjafarárinu (SSB) verði undir 154.094 tonnum ($B_{trigger}$) en yfir 110.893 tonnum (B_{lim}), verður aflamark ákvarðað í samræmi við veiðidánartölu á ráðgjafarárinu sem jafngildir $0,112 * (SSB_y / B_{trigger})$.
3. Þegar lífmassi hrygningarstofns (SSB) á ráðgjafarárinu er áætlaður minni en 110.893 tonn (B_{lim}) verður leyfilegt aflamark 0 tonn.

Aflareglan fylgir ráðgjöf um sjálfbæran hámarksafrakstur (MSY) sem Alþjóðahafrannsóknaráðið byggir á og er í samræmi við varúðarnálgun.

2. VIÐAUKI
AFLATILKYNNINGAR

Fylla ber úr eyðublað fyrir tilfærslu á kvóta og leggja fram skv. 9.-11. gr.

GRÆNLAND		KVÓTI (tonn)		
Aðili		Tilfærsla kvóta (9. gr.)	Afli	Staða
Noregur				
Evrópusambandið				
Annað				
SAMTALS				
ÍSLAND		KVÓTI (tonn)		
Aðili		Tilfærsla kvóta (9. gr.)	Afli	Staða
Annað				
SAMTALS				

Fylla ber út eyðublað fyrir aflatölur og leggja fram skv. 10. og 11. gr.

NÚVERANDI AFLAMARK		KVÓTI (tonn)								SAMTALS		
Aðili	AFLA-MARK - skipting hlut-deildar (5. gr.)	Stað-festur kvóti	Staða - fyrra ár	Heimil tilfærsla og sveigjan-leiki (6. gr. og 7. gr.)	Ákvörðuð sekt	Tilfærsla vegna umfram-veiði (8. gr.)	Reikn-aður kvóti (6. gr., 7. gr., 8. gr.)	Tilfærsla (9. gr.)	Reikn-aður kvóti (6. gr., 7. gr., 8. gr., 9. gr.)	Aðili samtals	Utanað-komandi aðili samtals	Staða - næsta ár
Ísland	89%											
Grænland	11%											
Færeyjar	300	300					300					
SAMTALS												

Enn fremur hafa samningsaðilarnir samþykkt að á hverju ári staðfesti Fiskveiðieftirlit Grænlands (Greenland Fisheries License Control Authority (GFLK)) og Fiskistofa aflagdagbækur skipa og upp-lýsingar um löndun afla til staðfestingar á nýtingu á hinum sameiginlega stofni.

3. VIÐAUKI STAÐFESTINGARFERLI

Samningsaðilarnir samþykkja að staðfestingarferlið feli í sér eftirfarandi:

1. Hver samningsaðili gengst undir að efna til fundar milli viðeigandi stjórnvalda til þess koma á staðfestingarkerfi fyrir aflasamsetningu og heildarafla *S. norvegicus*. Skal ferlið komið að fullu til framkvæmda innan 12 mánaða frá því þessi samningur öðlast gildi.
2. Hver samningsaðili ber ábyrgð á því að tryggja að tilkynntar upplýsingar um afla og löndun nái einungis yfir *S. norvegicus* og séu innan viðunandi skekkjumarka, sem viðkomandi stjórnvöld munu skilgreina.
3. Samningsaðilarnir eru sammála um nauðsyn þess að staðfesta aflasamsetningu með fullnægjandi sýnatöku og möguleika á frekari greiningu, sem viðeigandi stjórnvöld og vísindastofnanir munu skilgreina.
4. Merking afurða ætti að miðast við staka tegund skv. 2. tölulið að framan.

FRAMEWORK ARRANGEMENT BETWEEN GREENLAND AND
ICELAND ON THE CONSERVATION AND MANAGEMENT
OF GOLDEN REDFISH IN ICES SUBAREAS 5, 6, 12, AND 14.

1. Delegations from Iceland and Greenland (hereafter “the Parties”) met in Reykjavík on 26 June to 3 July 2023 to consult on a Framework Arrangement on the Conservation and Management of golden redfish (*Sebastes norvegicus*) in ICES subareas 5, 6, 12, and 14. The delegations were headed by Katrine Kærgaard for Greenland and Sóley Kaldal for Iceland. The Heads of Delegations agreed to recommend to their respective authorities the following arrangements:

Consultations on Management

2. The Parties shall meet at least once a year for consultations. The Parties shall adopt an Agreed Record for the conservation and management of the golden redfish stock for each management period pursuant to Article 3. All annexes to this Arrangement can be revised annually by Agreed Record, provided that the involved Parties agree.

Management Period

3. The Parties acknowledge that the management period for Iceland starts on 1 September and ends on 31 August in the following year, while the management period is the calendar year for Greenland and others. The provisions of this Arrangement apply to the different management periods, *mutatis mutandis*.

Establishment of Total Allowable Catch

4. The Parties agree to set the total allowable catch (TAC) for each management period in accordance with the Long-Term Management Plan set out in Annex 1.

Sharing Arrangement

5. The TAC is set pursuant to Article 4. The Parties agree that the share set aside for others shall be subtracted from the original TAC prior to application of the allocation key. This allocation can be subject to change if other parties should join this Arrangement:

Others	300 tonnes
--------	------------

The allocation key is as follows:

Greenland	11%
Iceland	89%

Transfer of Unutilized Quantities

6. Each Party may transfer to the following management period unutilized quantities of up to 10% of the quota allocated to that Party for the management period. The quantity transferred is in addition to the quota allocated to the Party concerned in the following management period.

Authorized Fishing in Excess of Current Quota Allocation

7. Each Party may authorize fishing by its vessels of up to 5% beyond their TAC according to the allocation key in the management period. All quantities fished beyond the allocated quota for the management period shall be deducted from that Party's quota allocation for the following management period.

Compensation

8. Should a Party fish quantity in excess of authorized fishing pursuant to Article 7 for the management period then an equal amount of quota shall be subtracted from that Party's quota in the following management period. The subtracted quota shall be allocated to other Parties of this Arrangement in the following management period pursuant to this Article.

Transfer of Quotas

9. The Parties shall immediately formally inform each other if quota is transferred to another party to this Arrangement or to a third party which is not part of this Arrangement. This information shall be sent no later than 1 month after the start of the management period.

Communication and Verification of Catches

10. Each Party shall by 1 March provide information on their total catches for the previous management period.
11. The Parties shall provide information regarding catches in the format set out in Annex 2 to this Framework Arrangement.
12. Information pursuant to Articles 10 and 11 shall be verified according to the procedures specified in Annex 3 to this Framework Arrangement.

Scientific Cooperation

13. The Parties agree that research related to improving abundance estimation as well as the knowledge on ecology, distribution and stock identification of golden redfish and other redfish species is much needed and agree to cooperate and contribute to these matters. The aim is *inter alia* to improve knowledge needed for a zonal attachment report as a basis for the future management and sharing of the stock.
14. Monitoring of the stock by means of surveys shall be analysed and reviewed in cooperation with all contributing Parties. The outcome and advice shall without delay be communicated to all Parties.

Cooperation between Inspection and Control Authorities

15. The Parties agree to improve cooperation of the respective inspection and control authorities to ensure full disclosure and transparency of all relevant information related to the implementation of the Arrangement.

Chairing of Consultations

16. The annual consultations shall be held no later than 30 June and chaired on a rotating basis by Greenland and Iceland.

Arrangement Duration and Opting Out Procedures

17. This Framework Arrangement enters provisionally into force at the date of signature until final acceptance according to Article 18. The Arrangement shall continue to apply until a Party opts out pursuant to Articles 19-21.
18. This Framework Arrangement enters finally into force when the Parties have fulfilled their constitutional requirements necessary for the entry into force of the Arrangement.
19. Any Party may opt out of this Framework Arrangement by giving a formal notification to the other Parties before 15 August, containing an explanation and justification of why the Party has chosen to opt out of the Arrangement.
20. This Framework Arrangement shall remain in force until the end of the following management period of the Party submitting a formal notification of opt out.
21. After receiving a formal notification, the chair shall initiate and organize consultations among the Parties with the aim of reaching a conclusion on a new framework arrangement before the time when this Framework Arrangement is no longer in force.

Two originals of this Framework Arrangement between Greenland and Iceland are signed in Reykjavík on 3 July 2023.

For the Greenlandic Party

Katrine Kærgaard

For the Icelandic Party

Sóley Kaldal

Annex 1
MANAGEMENT PLAN FOR GOLDEN REDFISH

Management unit

Golden redfish (*Sebastes norvegicus*) in Icelandic and East-Greenland Exclusive Economic Zones (EEZ). Icelandic and Greenlandic authorities manage the fisheries within their respective EEZs.

Harvesting Policy

The management strategy for golden redfish (*Sebastes norvegicus*) is to maintain the exploitation rate at the rate which is consistent with the precautionary approach and that generates maximum sustainable yield (MSY) in the long term.

In accordance with this general aim the Harvest Control Rule (HCR) below has been adopted by Icelandic and Greenlandic authorities, starting from the next management period after the Arrangement comes into force. The HCR will be reviewed when required by ICES or after five years at the latest. The annual total allowable catch (TAC) will be set by applying the following HCR:

1. The annual TAC will be set consistent with the average fishing mortality rate of 0.112 in the advisory year for age-groups 9-19, when the Spawning Stock Biomass (SSB) in the advice year (SSB_y) is predicted to be above 154,094 tonnes ($MSY B_{trigger}$).
2. When the SSB in the advice year is predicted to be below 154,094 tonnes ($B_{trigger}$) but above 110,893 tonnes (B_{lim}), the TAC will be set consistent with a fishing mortality rate in the advisory year equal to $0.112 * (SSB_y / B_{trigger})$.
3. When the SSB in the advice year is predicted below 110,893 tonnes (B_{lim}) the TAC will be 0 tonnes.

The HCR follows the ICES MSY approach and is consistent with the precautionary approach.

Annex 2
COMMUNICATION OF CATCHES

Quota transfer sheet must be completed and submitted according to Articles 9-11.

GREENLAND		QUOTAS (tonnes)		
Party		Transferred quota (Art. 9)	Catches	Balance
Norway				
European Union				
Other				
TOTAL				
ICELAND		QUOTAS (tonnes)		
Party		Transferred quota (Art. 9)	Catches	Balance
Other				
TOTAL				

Balance sheet must be completed and submitted according to Article 10 and Article 11.

CURRENT TAC		QUOTAS (tonnes)								TOTAL		
Party	TAC allocation key (Art. 5)	Quota established	Balance from previous year	Allowable transfers and flexibility (Art. 6 and Art. 7)	Penalty	Penalty transfer (Art. 8)	Quotas calculated (Art. 6, Art. 7, Art. 8)	Transfers (Art. 9)	Quotas calculated (Art. 6, Art. 7, Art. 8, Art. 9)	Party Total	Foreign Party Total	Balance to next year
Iceland	89%											
Greenland	11%											
The Faroe Islands	300	300					300					
TOTAL												

Furthermore, the Parties agreed that each year the Greenland Fisheries License Control Authority (GFLK) and Iceland Directorate of Fisheries will verify logbook and landing data for vessels to verify the utilization of the shared stock.

ANNEX 3
VERIFICATION PROCEDURE

The Parties agree on the following steps to be included in the Verification Procedure:

1. Each Party commits to a meeting between the relevant authorities to come up with a system of verification for catch composition and total catches of *S. norvegicus*. This process shall be fully implemented within 12 months of this Arrangement entering into force.
2. Each Party is responsible for making sure that reported catch figures and landings should be for *S. norvegicus* exclusively and are to be within a reasonable margin of error, to be defined by the relevant authorities.
3. The Parties agree on the need for verification of catch composition, through adequate level of sampling and possible further analysis, to be defined by the relevant authorities and scientific institutions.
4. Labelling of products should be on a single species basis pursuant to point 2 above.

C-deild – Útgáfudagur: 8. nóvember 2024